



ALMENNAR SKÝRINGAR

Í grein 120.2 í Byggingareglugerð segir :
 "Á meðan ekki eru til staðlar og/eða tæknisambykki fyrir viðkomandi vöru til þess að ákvæði mgr. 120.1 verði virk skal krafist vottorða/umsagna um notkunarvið vöru frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarinnar, Brunamálastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærum aðilum sem umhverfisráðuneytið viðurkennir."
 Húsbýggjandi skal því ganga úr skugga um að all lagnaefni er hann hyggst nota til þessa verks uppfylli ofangreindar kröfur Byggingareglugerðarinnar.

Skóplagnir innanhúss

Allar skóplagnir ofan gólfplötu skulu vera úr steypujámi (J) eða sambærilegu nema annað komi fram á teikningu.
 Allt efni og allur frágangur skal uppfylla ÍST 68:2003.

Vatnslagnir

Almennt
 Allar lagnir liggja við loft, á útveggjum eða í léttum innveggjum. Við öll hreinlætistöki skulu vera stoppkranar. Blöndunartæki skulu vera hitastýrð til að tryggja það að hitastigið á heita vatninu fari ekki yfir 55 °C. Öll hreinlætistöki skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til hreinlætistöskja í flokki 1 (LAB <= 20 dB(A)). Efni og frágangur skal vera í samræmi við ÍST 67:2003.

Kalda- og heitavatnslögn

Allar pípur fyrir neysluvatn skulu vera úr ryðfríu þunnveggja stálrörum. Stofnagnir skal einangra með steinullarhólkum með áfóstum trefjastyrktum áldúð eða sambærilegu. Pípur DN 20 og minni með 20 mm þykkri einangrun og lagnir stærri en DN 20 með 30 mm þykkri einangrun. Ekki má nota plastvafning, plastbönd eða annað brennanlegt efni utan um einangrun.

Pípur skulu hengdar í þar til gerðar baulur eða rólur með festiteinum í steypu eða burðarbita. Fjarlægð milli upphengja má ekki vera meiri en 0,7 m fyrir Ø20, 0,95 m fyrir Ø32 og 1,1 m fyrir Ø40, sjá annars leiðbeiningar framleiðanda.

Þrýstiprófa skal lagnir með 15 bar vatnsþrýstingi eða 1,5 x hámarksþrýsting frá vatnsveitu og skal það gert samkvæmt forskrift framleiðanda röranna.

Hitalagnir

Pípur skulu vera svört stálrör. Nota skal viðeigandi tengistykki. Gæta skal þess að fara í einu og öllu eftir leiðbeiningum framleiðanda hvað varðar, krana, frágang, uppsetningu og festingar. Allar lagnir skulu prófaðar með 6 bar vatnsþrýstingi sem skal standa í 24 tíma.

Pípur og píputengi skal einangra með 20 mm steinullarhólkum með áfóstum trefjastyrktum áldúð eða sambærilegu. Sýnilegar dreifi- og tengilagnir á veggjum eru án einangrunar. Ekki má nota plastvafning, plastbönd eða annað brennanlegt efni utan um einangrun.

Allar pípur undir loftum skulu hengdar í þar til gerðar baulur eða rólur. Lagnir utaná veggjum skulu festar á málmfestingar þétt við vegg og skulu festingar allar vera af sömu gerð. Mesta fjarlægð milli upphengja er 2 m.

Valdir ofnar skulu framleiddir samkvæmt ÍST EN 442 og á alla ofna komi loftrúfa og stillit. Reynsluþrýstingur er 8 bar.

Skammstafanir

- GN Gólfniðurfall án gegnumrennslis
- HL+NF Gólfniðurfall með gegnumrennslis frá handlaug
- SV+NF Gólfniðurfall með gegnumrennslis frá skolvask
- HL Handlaug
- RV Ræstivaskur
- VS Salemi
- SN Svalaniðurfall
- TM Tengimöguleiki
- F Fallstammi
- PN Pípa niður
- SV Skolvaskur
- EV Eldhúsvaskur
- PN Þakniðurfall
- PV Þvagskál
- PU Pípa upp
- HR Hreinsistútur
- SB Sturtubað

Samþykkt þann
 10. DES. 2007
 Byggingfulltrúinn í Hafnarfirði
 F.h. Sigurbjartur Halldórsson

ÁRITUN ARALHÖNNUNÐAR KT
 Sigurður Ólafsson 110755-4119

28.3.07
 HEILBRIGÐISEFTIRLITS
 HAFNARFJARDAR-
 OG KÖPAVÖGSSVÆÐIS
 Gæðastofnun 210 Garðabæ
 Talskýjamon

- FRAMRÁS HITAVEITU
- BAKRÁS HITAVEITU
- HEITT NEYSLUVATN
- KALT NEYSLUVATN

A 26.03.07 HITÁ OG ÞRIFALAGNIR Í RÝMUM		svk
NR	DAGS. BREYTING	SAMB.
ferill VERKFRÆÐISTOFA		
HVALEYRARBRAUT 33 HAFNARFIRÐI		
HITA- OG ÞRIFAKERFI ALMENNAR SKÝRINGAR GRUNNMYND, 1. HÆÐ		
MKV 1:50	TEKNI/HÖNN GP/GP	DAGS ÚTG. 08.03.07
TEKNI NÚMÉR 1020-3-01		SAMBÝRKT
ARJUN/HÖNNUNÐAR HÖNNUNÐS/BREYTINGAR	KT 010345-4059	DAGS BREYTINGAR 26.03.07
Breyting NR A		BREYTING NR A
Ferill ehf. Mörkin 1 108 Reykjavík Sími 575-1600 Fax 575-1611 Netfang ferill@ferill.is		